


Seyrulosun í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógarbyggð árið 2012

Verkstaða vika 31

Nú er tæming í Bláskógarbyggð að ljúka en reiknað er með að það klárast núna í vikunni og í næstu viku.

Byrjað verður að tæma í Grímsnes- og Grafningshreppi í næstu viku og verður byrjað í Hallkelshólum.

Verkstaða verður næst uppfærð eftir 14 daga eða þriðjudaginn 14. ágúst



Séu einhverjar ábendingar eða athugasemdir má senda tölvupóst á gogg@gogg.is eða hringja á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps í síma 486-4400.

Samkvæmt samþykktum sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógarbyggðar sér sveitarfélagið um að tæma rotþrær í sveitarfélaginu einu sinni á þriggja ára fresti.

Sveitarfélögunum er skipt í þrjú svæði og nú í ár að tæma svæði 2 (rauða svæðið) sem má sjá á ofangreindri teikningu. Hreinsitækni sem sér um seyrulosun mun byrja í maí 2012. Byrjað verður að tæma nyrst á svæðinu og svo unnið í suður. Bláir punktar sýna þrær sem hafa verið tæmdar á árinu.